Samtök fjármálafyrirtækja

Efnahags- og fjármálaráðuneytið,
B.t. skrifstofu stjórnunar og umbóta

Reykjavík, 7. desember 2020

Varðar: Drög að frumvarpi til laga um stafrænt pósthólf

Birt hafa verið í samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi til laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að stjórnvöld sendi gögn til einstaklinga og lögaðila með stafrænum hætti. Réttaráhrif birtingar í pósthólfinu myndi þá jafngilda birtingu með bréfpósti. SFF fagna þessum áformum sem munu án efa hafa umhverfisvæn áhrif með minni pappírsnotkun og leiða til annarrar hagræðingar, hvort tveggja fyrir þá sem birta upplýsingarnar og þá sem móttaka þær.

Eins og frumvarpsdrögin eru núna er gert ráð fyrir því í 6. gr. að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að einkaaðilum verði heimilt að birta gögn í pósthólfinu. Í greinargerð er nefnt sem dæmi „..lögmenn í tengslum við mál sem falla undir réttarfarslög sem og aðrir einkaaðilar sem birta ýmsar tilkynningar sem byggja á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum“. Fjármálafyrirtæki og vátryggingafélöög gætu fallið undir þetta. Þeim ber samkvæmt ýmsum sérlögum að birta viðskiptavinum margs konar tilkynningar og upplýsingar, yfirleitt á pappír eða öðrum varanlegum miðli.

Í 7. gr. kemur fram að þegar gögn eru aðgengileg í pósthólfi teljast þau birt fyrir viðtakanda. Einnig kemur þar fram að þar sem í lögum eða stjórnvaldsreglum er kveðið á um að gögn skulu birt með ákveðnum hætti, svo sem með auglýsingu, símskeyti, ábyrgðarbréfi, stefnuvotti eða öðrum sannanlegum hætti, skal birting í stafrænu pósthólfi metin fullgild.

Varanlegur miðill er yfirleitt skilgreindur sem sérhver miðill sem gerir notanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að þær séu aðgengilegar til samanburðar síðar og eins lengi og nægir miðað við tilgang upplýsinganna, og gerir kleift að afrita upplýsingarnar, sem þar eru geymdar, óbreyttar. Hugtakið varanlegur miðill snýr þannig að miðlinum sem geymir upplýsingarnar, ekki bara að birtingunni. Frumvarpsdrögin kveða ekki sérstaklega á um að birting í pósthólfinu uppfylli kröfur um að vera birting á varanlegum miðli. SFF leggja til að skerpt verði á ákvæðum frumvarpsins hvað þetta varðar þannig að fjármálafyrirtæki og vátryggingafélög fái þann valkost (ekki skyldu) að nota pósthólfið sem eina

Samtök Fjármálafyrirtækja
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
+354 591 04 00 / sff.is

leið af fleirum til að birta á varanlegum miðli.

Í samræmi við framangreint eru hér á eftir settar fram hugmyndir að breytingatillögum á frumvarpstextanum (feitletrað og undirstrikað):

Um 6. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er opinberum aðilum skylt að birta gögn í pósthólfinu. Með opinberum aðilum er átt við ríkisaðila og sveitarfélög. Skilgreining ríkisaðila er í samræmi við 13. tölul. 3. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Samkvæmt 2. mgr. hefur ráðherra heimild til að veita öðrum aðilum aðgang að stafrænum birtingum og mæla fyrir um skilyrði sem þeir þurfa að uppfylla til að geta birt gögn í pósthólfinu. Sem dæmi má nefna lögmenn í tengslum við mál sem falla undir réttarfarslög, ***fjármálafyrirtæki og vátryggingafélög sem ber skv. lögum að veita tilteknar upplýsingar á pappír eða öðrum varanlegum miðli*** *sem og aðrir einkaaðilar sem birta ýmsar tilkynningar sem byggja á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.*

7. gr. Réttaráhrif.

Þegar gögn eru aðgengileg í pósthólfi teljast þau birt fyrir viðtakanda. Þar sem í lögum eða stjórnvaldsreglum er kveðið á um að gögn skulu birt með ákveðnum hætti, svo sem með auglýsingu, símskeyti, ábyrgðarbréfi, stefnuvotti eða öðrum sannanlegum hætti, ***eða á tilteknum miðli, t.d. pappír eða öðrum varanlegum miðli,*** *skal birting í stafrænu pósthólfi metin fullgild.*

Um 7. gr

Samkvæmt 1. ***málsl.*** *teljast gögn hafa verið birt fyrir viðtakanda sjálfum þegar gögnin hafa verið gerð aðgengileg í pósthólfi viðtakanda. Gögn pósthólfsins teljast hafa verið gerð aðgengileg í pósthólfi viðtakanda um leið og viðtakandi getur framkallað skilaboðin í gagnatengdu snjalltæki og haft þannig aðgang að gögnunum. Ekki er nauðsynlegt að viðkomandi hafi skráð sig inn í pósthólfið og kynnt sér gögnin, heldur teljast gögnin birt frá og með því tímamarki sem þau voru gerð aðgengileg í pósthólfinu og viðkomandi hefði þar með getað kynnt sér gögnin.*

Samkvæmt 2. málsl. telst birting í pósthólfinu jafngild birtingu með auglýsingu, símskeyti, ábyrgðarbréfi, stefnuvotti eða með öðrum sannanlegum hætti. ***Sama á við um birtingu upplýsinga og tilkynninga á tilteknum miðli, t.d. pappír eða öðrum varanlegum miðli.*** *Talning þessi er ekki tæmandi og því er stafræn birting jafnframt heimiluð þegar réttarreglur mæla fyrir um aðra birtingaraðferð. Með ákvæðinu er lögð áhersla á að stafræn birting gagna sé metin fullgild þrátt fyrir að ákvæði sérlaga tiltaki það ekki sérstaklega. Þannig þurfi lögin að skoðast samhliða sérlögum þegar kemur að mati á gildri birtingu.*

Með vinsemd og virðingu,

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur

Samtök Fjármálafyrirtækja
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
+354 591 04 00 / sff.is